

Emerald Atlantis ehf.
Björn Brynjúlfsson,
framkvæmdastjóri
Kringlunni 7
103 Reykjavík



Reykjavík, 27. febrúar 2014
Tilvísun: UST20140200146/bs

Lagning Ljósleiðara um Reykjanesfólkvang. Leyfi Umhverfisstofnunar

Vísað er til bréfs Emerald Networks ehf dags. 6. febrúar sl. þar sem óskað er leyfis Umhverfisstofnunar til lagningar ljósleiðara innan Reykjanesfólkvangs í samræmi við reglur um Reykjanesfólkvang í auglýsingu í Stj.tíð. B, nr. 520/1975, en þar segir m.a.: „Allt jarðrask er bannað innan fólkvangsins nema leyfi Umhverfisstofnunar komi til.“

Lýsing framkvæmdar

Í framkvæmdinni felst að plægt verður niður plaströr sem ljósleiðari verður dreginn í frá Krýsuvíkurskóla að Suðurstrandarvegi við austur jaðar Ögmundarhrauns, þaðan verður ljósleiðarinn lagður í vegfláa vegarins að vestur mörkum Reykjanesfólkvangs.

Áhrifamat

Á kaflanum frá Krýsuvíkurskóla að Suðurstrandarvegi verður fylgt símalínu sem einnig var plægð í jörð. Sýnileg ummerki um þá framkvæmd eru talin óveruleg. Jarðvegur á strengleiðinni er nægilega þykkur og þurr til að henta vel til plægingar. Gróðurfar á svæðinu er mó- og graslendi. Ekki er talið gerlegt að plægja strenginn meðfram aflögðum Suðurstrandarvegi því þar er ekki til staðar laust efni til að hylja ljósleiðarann og ef plægja ætti strenginn niður utan vegarins myndi slík framkvæmd hafa verulega rökun á hrauni í för með sér.

Skilyrði og eftirlit


Umhverfisstofnun veitir hér með leyfi fyrir framkvæmdinni með eftirfarandi skilyrðum:


- Að frágangur framkvæmdarsvæðis verði vandaður.
- Að Umhverfisstofnun verði tilkynnt um hvenær framkvæmdin hefjist.
- Að framkvæmdaraðili borgi eina eftirlitsferð Umhverfisstofnunar með framkvæmdinni. Innheimt gjald er samkvæmt gjaldskrá Umhverfisstofnunar 11.200 kr. pr klst.

Eftirlitsferð gæti tekið allt að fjórum klukkustundum.

Umhverfisstofnun telur að ef farið verði eftir ofangreindum skilyrðum muni framkvæmdin ekki hafa neikvæð áhrif á ásynð lands innan Reykjanesfólkvangs.

Virðingarfyllt


Sigrún Agústsdóttir
Sviðsstjóri


Björn Stefánsson
sérfræðingur